

bergis og láta fógeta framkvæma útburð á honum úr því, verður að dæma stefnda sýknan fyrir skaðabótakröfu áfrýjanda, og þar sem yfirdómurinn einnig fellst á önnur ákvæði undirrettardómsins, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Í málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjandanum að greiða stefnda 20 krónur, en eptir úrslitum málsins verða hinum skipaða málfutningsmanni hans eigi dæmd málsfærslulaun. Að því leyti málið hefur verið flutt með gjafsókn, vottast, að málsfærslan hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Pjetur S. Klemensson greiði stefnda Sigurði Eiríkssyni málskostnað fyrir yfirdómi með 20 — tuttugu — krónum.

Ídæmd sekt og málskostnaður greiðist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn 8. nóvembermánaðar.

Nr. 8/1897: Jón Jónsson sem fjárhaldsmaður  
Hannesar Jónssonar  
gegn  
Gísla Þórarinssyni og Guðnýju  
Jónsdóttur.

Dómur:

Vorið 1880 brugðu hin stefndu, hjónin Gíslí

Þórarinnsson og Guðný Jónsdóttir, búi á Fagurhólsmýri, og fluttust að Núpstað til Eyjúlfs bónda Stefánssonar; skiptu þau þá Þórarni syni sínum út  $\frac{1}{3}$  hluta eigna sinna, en allar aðrar eignur sínar, bæði í gangandi peningi og dauðum munum, fluttu þau með sjer að Núpstað, og runnu þær þar saman við bú Eyjúlfs bónda. Var það þá tilætlunin, að þau gjörðust próventuhjón Eyjúlfs, en eigi var gjörður neinn skriflegur samningur þar að lútandi, hvorki þá nje síðar. Vorið eða sumarið 1883 fór Gísli Þórarinnsson frá Núpstað, og nokkru síðar annaðhvort sama árið eða öndverðlega árið 1884 fluttist kona hans einnig þaðan, og höfðu þau hjón eptir það ekki framfærslu hjá Eyjúlfi Stefánssyni eða af búi hans. Þegar þeir skildu, Gísli og Eyjúlfr, fjekk Gísli nokkuð af gangandi peningi og dauðum munum upp í það, sem hann hafði lagt inn í bú Eyjúlfs. Eigi löngu síðar andaðist Eyjúlfr, og var dóttursonur hans ófullveðja, Hannes Jónsson, einkaerfingi hans og hlaut hann allt bú Eyjúlfs eptir hann látinn. Af brjefi stefnda Gísla Þórarinnssonar, dags. 8. desbr. 1884, sjest það, að hann hefur krafið Eyjúlfr um fje það, er hann þóttist eiga inni í búi hans, og í sókn sinni í hjeradi tjáir hann, að hinu sama hafi eptir lát Eyjúlfs fleirsinnis verið haldið að áfrýjandanum Jóni Jónssyni, sem fjárhaldsmanni sonar síns Hannesar, en að það hafi allt orðið árangurslaust. Fyrir því höfðaði Gísli Þórarinnsson og kona hans Guðný Jónsdóttir málsókn gegn Jóni Jónssyni, bónda á Núpstað, og

föður og fjárhaldsmanni Hannesar Jónssonar, og lauk málsókn þeirri með dómi aukarjettar Skaptafellssýslu, uppkveðnum 21. nóv. f. á., á þá leið, að áfrýjandinn Jón Jónsson skyldi sem fjárhaldsmaður Hannesar Jónssonar standa hinum stefndu hjónum Gísla Þórarinssyni og Guðnýju Jónsdóttur skil á ýmislegum lifandi pening, sem upp er talinn í aukarjettardómnum, annaðhvort in natura (o: í gripum), eða andvirði hans í peningum, að upphæð 1303 kr. 11 a., svo og á eptirstöðvum af andvirði dauðra muna, að upphæð 135 kr. 80 a., allt með vöxtum 4% frá sáttakærudegi, 23. marz 1893, og til þess borgað er. Málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefur Jón bóndi Jónsson sem fjárhaldsmaður Hannesar Jónssonar skotið til yfirdómsins með stefndu, dags. 28. jan. 1897, og krafizt þess, að dóminum verði bæytt þannig, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og að hæfilegur málskostnaður verði dæmdur honum til handa. Á hinn bóginn hata hin stefndu, Gíslí Þórarinsson og Guðný Jónsdóttir, krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað.

Áfrýjandi hefur í vörn sinni bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi vefengt það, að hin stefndu hafi árið 1880 gjörzt próventuhjón Eyjúlfs Stefánssonar, og það verður heldur ekki álitid, að þau þegar hafi gjörzt það, þegar þau fluttust til Eyjúlfs; en hitt er fyllilega upplýst, að þau það ár brugðu búí og fóru með allmikinn fjárhlut til hans, sem

rann inn í bú hans, í því skyni, að próventusamningur kæmist á milli þeirra Eyjúlfs, eða að hann veitti þeim hjónum í notum eignanna fullkomna framfærslu, það sem eptir væri æfi þeirra. En hitt er líka sannað, að reglulegur próventusamningur komst ekki á fyrir þá sök, að hinn stefndi Gísli Þórarinsson, eptir því sem áfrýjandi hefur haldið fram og sem Gísli ekki hefur mótmælt, vildi ekki undirskrifa samning þann, sem Eyjúlfr lagði fyrir hann til undirskiptar; en það er ekki upplýst, sakir hvers hann ekki vildi það. En árið 1883 fór Gísli burt af heimili Eyjúlfs. án þess sjeð verði, með hverjum nánari atvikum það varð, en hitt er viðurkennt í málinu, að hann fjekk með sjer, þegar hann fór, nokkurn hluta af eignum þeim, sem þau hjón fóru með til Eyjúlfs, og af því má aptur ráða, að það hafi samizt svo milli Eyjúlfs og Gísla, að ekkert yrði úr próventusamningi þeirra; en er Gísli seinna virðist hafa sjeð sig um hönd og vildi fara aptur til Eyjúlfs, vildi Eyjúlfr ekki taka hann, en bauðst til að framfæra konu hans, en það vildi Gísli ekki þiggja. Með því nú enginn próventusamningur komst á, verður að líta svo á, að Eyjúlfr hafi aldrei eignazt tje þeirra hjóna, heldur hafi það verið hjá honum sem vörzlufje og að hann þannig hafi átt að gæta þess eins og hann ætti það, og virðist honum því hafa borið skylda til að skila því öllu aptur, þegar þau hjón fluttust frá honum, en til þess tíma hafði hann állan arðinn af hinum

miklu eigum þeirra og þar að auki munu þau hjón, sem þá ekki voru eidri en um fimmtugt og þess eigi er getið, að þau hafi verið farin að heilsu, hafa unnið að miklu leyti fyrir sjer. Gísli gat þannig með rjettu heimtað fjármuni sína aptur og gat með rjettu beint kröfu sinni til einkaerfingja Eyjúlfs, sem við skiptin eptir hann hlaut allt bú hans og þar með einnig fjárhlut þann, sem hin stefndu höfðu fært inn í það, en skipti þessi voru gjörð, án þess proclama til skuldheintumanna væri gefið út.

Áfrýjandi hefur að vísu haldið því fram, að peningur hinna stefndu hafi að mestu leyti fallið vorid 1882 og geti eigi verið að ræða um endurgjald fyrir hann. Það virðist nú að vísu satt vera, að nokkuð af fjenaði hinna stefndu hafi fallið 1882; en með því að ekkert af áfrýjanda hálfu er upplýst um, hve mikið hafi fallið og hvort Eyjúlfr hafi einnig fellt tiltölulega sitt eigið fje, eða með öðrum orðum, hvort Eyjúlfr hafi hirt eins vel um fje hinna stefndu eins og um eigið fje, þá verður ekkert tillit haft til þessa fellis, þegar um endurgjald er að ræða fyrir fjármuni hinna stefndu, sem runnið höfðu inn í bú Eyjúlfs.

Hin stefndu hafa í málinu lagt fram sundurliðaða skrá yfir þann lifandi pening og dauða muni, sem þau færðu inn í bú Eyjúlfs árið 1880, enn fremur skýrslu yfir gripni þá og aðra muni, sem þau fengu aptur hjá Eyjúlfi, þegar þau fóru frá honum. Undirdómarinn hefur lagt skýrslur þessar, sem eru itarlegar og øreinlegar, til grund-

vallar í dómi sínum, og verður að fallast á það, því að þótt áfrýjandi hafi mótmælt þeim í heild þeirra, hefur hann eigi leitast við að benda á, að hverju leyti þær væru rangar, en þó á hinn bóginn kannast við, að talsverður peningur hafi runnið inn til Eyjúlfs frá hinum stefndu. Þar sem áfrýjandi hefur viljað halda því fram, að stefndi Gísli Þórarinsson hafi með brjefi sínu til Eyjúlfs Stefánssonar, dags. 8. desbr. 1884, kannast við það, að hann þá ætti ekki meira inni í búi Eyjúlfs en 1 kú og 20 sauðkindur, eða að minnsta kosti að hann eigi gjörði tilkall til meiri fjármuna, þá skal þess getið, að slík yfirlýsing verður eigi lögð í brjefið, rjett skilið; samkvæmt brjefinu vill Gísli þá láta sjer nægja þetta, en að öðru leyti sendir hann þá Eyjúlfi »uppteiknun yfir það, sem hann hafi komið með til hans og tekið við af honum aptur«. Brjef þetta hefur áfrýjandi framlagt í málinu, en ekki »uppteiknunina«, án þess annars að gjöra grein fyrir, hvað til þess komi. Eins og þannig verður að leggja til grundvallar við úrslit máls þessa skrár hinna stefndu, þær sem hjer hafa verið nefndar, eins má samþykkja það, að lifandi peningur sá, sem stefndi gjörir tilkall til, er reiknaður til peninga eptir verðlagskrá Vestur-Skaptafellssýslu pro 1883/84, og þar sem útreikningi undirdómarans á kröfuupphæð hinna stefndu eigi hefur verið mótmælt fyrir yfirdómi af áfrýjanda, er rjett að samþykkja hann óbreyttan.

Samkvæmt hinu framanritaða ber að staðfesta hinu áfrýjaða dóm, bæði aðalefni hans og málskostnaðarákvæði. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli eptir atvikum niður.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dómi þessum skal fullnægja, áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu hans að vidlagðri aðför að lögum.

Nr. 28/1897:

Hannes Þorsteinsson  
gegn  
Birni Jónssyni.

#### D ó m u r :

Mál þetta höfðaði ritstjóri Þjóðólfs Hannes Þorsteinsson upphaflega fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn ritstjóra Ísafoldar Birni Jónssyni út af meidandi og móðgandi orðum um sig í bladinu Ísafold. Var málið dæmt á bæjarþinginu 10. júní þ. á. með þeim úrslitum, að hinn stefndi, ritstjóri Björn Jónsson, var sýknaður af kærum og kröfum stefnanda og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur ritstjóri Hannes Þorsteinsson áfrýjað til landsyfirrjettarins með stefnu, 22. júní þ. á., og krafizt að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og honum breytt þannig, að stefndi Björn Jónsson verði látinn sæta ábyrgð og hæfi-